

7. gr.

7

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir vera sóknarpresturinn í Sauðlauksdalsprestakalli, sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu og einn maður kosinn af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til fjöggra ára í senn. 28. jan.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skiptir með sér störfum.

9. gr.

Stjórnin annast fjármál sjóðsins, ávaxtar fé hans í banka, sparisjóði eða tryggu, opinberum verðbréfum. Hún leitast við að afla sjóðnum tekna, ákveður störf hans og annast framkvæmd þeirra og úthlutun fjár þess, er sjóðurinn miðlar, er hann er tekinn til starfa samkv. 4. gr.

10. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega fylgja reikningi Vestur-Barðastrandarsýslu og endurskoðast af sama endurskoðanda.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þannig samþykkt á sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu, 15. apríl 1942.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu
Jóhann Skaptason.

REGLUGERÐ

8

um skemmtanaskatt í Patrekshreppi.

28. jan.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en hér- aðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Patrekshreppi, og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

- I. flokkur: a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
b. Sjónleikir.
c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
d. Fyrirlestrar og upplestrar.
e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- II. flokkur: a. Dansleikir og danssýningar.
b. Loddara- og fjölleikasýningar.
c. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

8

28. jan.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt ef sérstakar ástæður mæla með því, svo sem ef skemmtun er haldin í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi.

5. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið til þess sérstakan mann fyrir sína hönd, og nefnist hann þá eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, sem nota á við skemmtunina.

Eigi seinna en tveimur dögum eftir að samkomu er lokið skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Patrekshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til að stofna og starfrækja gamlmannahæli í hreppnum, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig varið að skattur hafi verið dreginn undan, skal sektin ákveðin sem svarar fjórföldum þeim skatti, sem undan var dreginn, allt að 1000 kr.

Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 28. janúar 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.